
Efni: Allt að 16.000 tonna framleiðsla á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði – ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun um allt að 16.000 tonna framleiðsla á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð.

Teiknistofan Eik ehf., f.h. Dýrfisks hf. og Fjarðalax ehf., sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 23. júní 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

Dýrfiskur hf. og Fjarðalax ehf. 16.000 tonna framleiðsla af laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Teiknistofan Eik ehf., 20. júní 2014.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Tálknafjarðarhreppi, Vesturbyggð, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Vesturbyggð með tölvupósti dags. 16. júlí 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 15. júlí 2014, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 15. júlí 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 8. júlí 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 4. júlí 2014, Samgöngustofu með bréfi dags. 14. júlí 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. júlí 2014 og Veiðimálastofnun með bréfi dags. 14. ágúst 2014. Umsögn barst ekki frá Tálknafjarðarhreppi. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 9., 11., 24. júlí 2014 og 22. og 24. ágúst 2014.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Dýrfisks hf. og Fjarðalax ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellt á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Fjarðalax setti fram í bréfi dags. 9., 11., 24. júlí 2014 og 22. og 24. ágúst 2014 og með eftirfarandi athugasemdum.

Staðsetning fyrirhugaðs eldis

Í kafla 2.2. er fjallað um staðsetningu og fyrirkomulagi eldisins. Fram kemur að Dýrfiskur og Fjarðalax muni hafa sameiginlega áætlun um fyrirkomulag eldisins til að lágmarka skaðleg áhrif frá laxalús og

mögulegum sjúkdómum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætluninni, þar með talið hvernig fyrirtækin ætla að tryggja að í fjörðunum verði ekki starfrækt eldi á þriggja ára fresti.

Áhrif á villta stofna laxfiska

Í kafla 2.3.2 er fjallað um lífríki og grunnþætti sjávar. Fram kemur að slepping laxa eða regnbogasilungs á erfðablöndun sé ekki nauðsynlegur hluti mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þá er ekki talin hætta á að hugsanleg tilviljanakennd slepping á laxi eða regnbogasilungi raski búsvæðum náttúrulegra silungastofna í fjörðunum.

Veiðimálastofnun telur m.a. að megin máli skipti að fjallað verði um og sýnt fram á hvernig laxi verði haldið í kvíum og aðrar afleiðingar, svo sem vegna laxalúsar og erfðablöndunar, muni ekki hafa áhrif á náttúrulega fiskstofna. Í svari Dýrfisks og Fjarðalax kemur fram að ekki sé fyrirhugað að gera grein fyrir öryggisþáttum um búnað og hvernig fyrirhugað er að varna því að fiskur sleppi úr eldiskvíum. Áhersla verði lögð á möguleg áhrif á vistkerfi og lífríki og hvernig lágmarka eigi hættu á að laxalús verði vandamál fyrir náttúrulega laxfiskastofna. Bent er á að náttúrulegir laxastofnar séu í mörg hundruð kílómetra fjarlægð og því sé ekki talin vera þörf á því að gera áhættumat um mögulega erfðablöndun milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna, vegna starfseminnar.

Skipulagsstofnun bendir á að í tilfelli laxeldis í sjó, þar sem notaður er eldisstofn af norskum uppruna, hefur umfjöllun um möguleg neikvæð áhrif eldisins á erfðaefni náttúrulegra fiskistofna verið veigamikill þáttur við mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda. Einnig vaknar þessi umræða í kjölfar fréttu um að lax hafi sloppið úr eldi, eins og nýlegt dæmi um veiðar á eldislaxi í Patreksfirði bera með sér. Skipulagsstofnun er ljóst að frá Patreksfjarðarflóa er langt í næstu laxveiðiár með umtalsverðum veiðihlunnindum. En í ljósi þess að lax hefur sloppið úr kvíum Fjarðalax og deilt er um áhrif laxeldis í sjó á erfðir villtra stofna telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að fjallað verði um áhrif mögulegra sleppinga úr eldi Dýrfisks og Fjarðalax á villta stofna laxfiska, svo sem erfðir og búsvæði þeirra, án þess að ráðist verði í sérstakar rannsóknir hvað þennan þátt varðar. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um ofangreind atriði í ljósi nýliðinna atburða í rekstri Fjarðalax og á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um laxfiska í ám er liggja til Patreksfjarðar og Tálknafjarðar.

Skipulagsmál

Í kafla 2.6.1 kemur fram að staðsetning fódurstöðva Fjarðalax sé tilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaganna og verið sé að vinna deiliskipulag fyrir stöðvarnar. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir deiliskipulagi fódurstöðvanna og tilvist þeirra í aðalskipulagi.

Náttúruverndarsvæði

Í kafla 2.6.3 er fjallað um verndarsvæði sem liggja að Patreksfirði og Tálknafirði sem gert sé grein fyrir í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir verndarsvæðunum og mögulegum áhrifum starfseminnar í landi á þau.

Fóður

Í kafla 3.4 er fjallað um fóðurnotkun vegna eldisins. Fram kemur að áætlað sé að fóðurstuðull verði 1,15. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að gerð verði grein fyrir reynslu af starfsemi Fjarðalax og Dýrfisks fram til þessa og í frummatsskýrslu þarf að koma fram hver fóðurstuðullinn er í raun.

Burðarþol og samlegðaráhrif

Samkvæmt mati Fjarðalax þola Patreksfjörður og Tálknafjörður 3.600 tonna fiskeldi samkvæmt burðarþolsmati með aðferð LENKA¹. Nú er stefnt að því að framleiða allt að 16.000 tonn af fiski árlega auk þess sem aðrir aðilar hafa rekstrarleyfi fyrir 800 tonna fiskeldi í fjörðunum. Í köflum 4.1 og 4.2

¹ Ákvörðun Skipulagsstofnunar um framleiðslu á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði
<http://www.skipulagsstofnun.is/media/attachments/Umhverfismat/145/2009090001.pdf>

kemur fram að unnið verði að gerð burðarþolsmats á grundvelli reiknilíkans, en ekki kemur fram hvort til standi að gera grein fyrir niðurstöðum þess í frummatsskýrslu.

Nýjum lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (nr. 49/2014) er ætlað að auka öryggi í fiskeldi og stuðla að ásættanlegri stöðu umhverfisáhrifa frá eldinu. Skilyrði um að leyfisumsókn fylgi mat á burðarþoli, sem framkvæmt hefur verið af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir, gerir meiri kröfur til rekstrarleyfishafa en áður um upplýsingar varðandi þau áhrif sem eldið hafi á lífríkið (sbr. athugasemdir við stjórnarfrumvarpið, III. Meginefni frumvarpsins, 2. liður). Skilgreining laganna á burðarþoli er eftirfarandi:

Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Skipulagsstofnun bendir á að markmið laga um mat á umhverfisáhrifum er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Þegar sótt er um leyfi fyrir slíkri framkvæmd í fiskeldi skal fylgja afrit af álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og er ein forsenda leyfisveitingarinnar. Því er rétt og eðlilegt að málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum leiði í ljós hvaða áhrif viðkomandi eldi hafi á lífríki og hvort viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Skipulagsstofnun bendir einnig á að samkvæmt 8. gr. laga nr. 49/2014, sem breytir 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, skal Matvælastofnun hafna umsókn ef umsækjandi leggur ekki fram þau gögn sem kveðið er á um í 8. gr., enda hafi umsækjanda verið gefinn hæfilegur frestur til að leggja fram þau gögn sem vantar. Þau gögn sem hér um ræðir eru m.a. umrætt burðarþolsmat.

Skipulagsstofnun lítur svo á að burðarþolsmat sem Dýrfiskur og Fjarðalax boða verði lagt til grundvallar mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og um það verði fjallað í frummatsskýrslu, enda verður álit Skipulagsstofnunar og burðarþolsmat m.a. forsenda þess að leyfi verði veitt fyrir því að framleiðslan hefjist. Því tekur stofnunin undir umsögn Fiskistofu um að fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum þurfi að leiða í ljós að eldissvæðin þoli að taka við úrgangi frá allt að 16.000 tonna fiskeldi. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum burðarþolsmatsins sem geri jafnframt ráð fyrir samlegð með öðru eldi sem þar hefur verið leyft og annarri mengandi starfsemi í fjörðunum.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 má framkvæmdaraðili kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til **6. október 2014**.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Dýrfiskur hf. og Teiknistofan Eik ehf., Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun